

Fimmtudaginn 19. október 1989.

Nr. 361/1989. **Guðmundur H. Jónsson**

gegn

Alþýðubankanum hf.,

Þrotabúi Alviðru hf.

og

Má Péturssyni bæjarfógeta sem

Þinglýsingardómara í Garðakaupstað.

Kærumál. Þinglýsing. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson og Benedikt Blöndal og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 7. júlí 1989, sem hingað barst 19. september. Hann krefst þess, að neðangreindar „þinglýsingarathafnir verði úr gildi felldar og þinglýsingardómara gert að afmá þinglýsingu skjala“ þeirra, er málið tekur til, „úr þinglýsingabókum Garðakaupstaðar. Þá er krafist kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila.“

Varnaraðili, Alþýðubankinn hf., hefur sent Hæstarétti greinargerð, sem dagsett er 26. september 1989 og barst réttinum sama dag. Hann krefst þess aðallega, að kæru þessari verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að þinglýsing veðskuldabréfanna standi samkvæmt ákvörðun þinglýsingardómara. Hann krefst kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Búi Alviðru hf. var tekið til gjaldþrotaskipta 10. apríl 1989. Samkvæmt bréfi skiptaráðandans í Reykjavík 3. október sl., sem barst Hæstarétti 5. október, eru af þess hálfu ekki gerðar kröfur í máli þessu.

Þinglýsingardómarinn í Garðakaupstað gerir ekki kröfur í málinu.

Lögmaður sóknaraðila lýsir málsatvikum sem hér segir:

„Með kaupsamningi, dags. 7. apríl 1986, keypti umbjóðandi minn ... af Alviðru hf. ... íbúð, merкта 11 B, á 2. hæð í hringlaga fjölbýlishúsi við Sjávargötu 1-15 í Garðabæ. Umræddur kaup-

samningur var síðan afhentur sýslumannsembættinu í Hafnarfirði til þinglýsingar 5. júní 1986, og var kaupsamningurinn merktur nr. 5874. Var hann innfærður í veðmálabækur 27. júlí 1986, og ber hann áritanir þinglýsingardómara um þetta.

Fyrir nokkrum dögum bar svo við, að umbjóðandi minn þurfti að fá veðbókarvottorð fyrir nefndri eign. Kom þá í ljós, að seljandi eignarinnar, Alviðra hf., hafði veðsett umrædda eign Alþýðubankanum hf. Er um að ræða þrjú veðskuldabréf á 1. veðrétti, hvert að fjárhæð 930.000,00 krónur. Voru þau öll móttekin 10. desember 1986 og merkt nr. 13343, 13344 og 13345, og jafnframt voru þau öll innfærð í veðmálabækur 11. desember 1986. Umbjóðanda mínum var að sjálfsögðu ekkert kunnugt um þessa veðsetningu, og hefur hann farið þess á leit við veðhafa, að veðsetningu þessari verði aflýst, en því hefur verið gersamlega hafnað af hans hálfu....“

Af öðrum gögnum máls kemur fram, að umrædd veðskuldabréf hafi hvert verið að fjárhæð 310.000,00 krónur og þau því samtals að fjárhæð 930.000,00 krónur.

Sóknaraðili heldur því fram, að Alviðru hf. hafi verið óheimilt að veðsetja umrædda eign, svo sem að framan greinir, og hafi þinglýsingardómara borið að vísa veðskjölum þessum frá.

Í 27. gr. þinglýsingarlaga, nr. 39/1978, eru fyrirmæli um, hvernig með skuli fara, ef þinglýsingardómari verður þess áskynja, að færsla í fasteignabók sé röng eða mistök hafi orðið um þinglýsinguna ella. Ekki er fram komið, að sóknaraðili hafi neytt þeirra úr-ræða, sem lagagrein þessi veitir kost á. Ber því að vísa máli þessu sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Kærumáli þessu er sjálfkrafa vísað frá Hæstarétti.
